

# FRÉTTABRÉF

## Dansgarðsins



### YFIRLIT

- Vorönnin
- Viðtal við Cristinu Agueda
- Styrkir
- Hvað er á döfinni
- Mínum á...

## VORÖNNIN

### JANÚAR

Önnin byrjaði að venju með nemendaviðtölum fyrir nemendur í grunnnámi og á framhaldsbraut. Í viðtölunum er t.d. farið yfir líðan, stöðumat síðustu annar og markmið vorannar. Okkur þykir vænt um þessa stund, að hitta nemendur og foreldra saman.

Kríládans 1 og 2 hélt áfram í janúar en það eru fjölskyldusamverustundir á föstudögum fyrir börn frá 2 mánaða og þar til þau fara að ganga. Samverustundirnar eru frjár og áherslan á leik og frjálsa hreyfingu.

Forward dansaði með Íslenska dansflokknum í verkinu Árstíðir.

Nemendur á framhaldsbraut fengu tækifæri til að horfa á lokæfingu hjá Íd. Einnig komu Vala og Snædís, danshöfundar verksins, í heimsókn á Grensásveg og kynntu verkið fyrir eldri nemendum skólans á grunnstigi.

Foreldrafélagið bauð upp á fyrirlestur um heilbriggt sjálfstraust og jákvæð samskipti frá KVAN. Anna Steinsen hélt skemmtilegan fyrirlestur fyrir foreldra.

Þann 16. janúar varð Klassíski listdanskólinn 30 ára! Það var gaman að sjá gamla og nýja nemendur deila minningum frá tíma sínum í Klassíska listdanskólanum á samfélagsmiðlum.



Mynd frá sýningu Íslenska dansflokksins Árstíðir

### FEBRÚAR

Dansgarðurinn tók þátt í Safnanótt. Forward sýndi í Listasafni Reykjavíkur verkið Reloding eftir Venus. Nemendur á framhaldsbraut sýndu í Hljóðbókasafninu í Kópavogi og nemendur á 7. stigi sýndu í Borgarbókasafninu í Grófinni.

Fimmtán nemendur Klassíska listdanskólans og Óskanda tóku þátt í undankeppni Dance World Cup í Borgarleikhúsinu. Allir fengu keppnisrétt til að keppa í heimsmeistaramótinu í Prag.

Vanitha Chandrasegaram frá Therapy Cooperative-Iceland bauð upp á prufutíma í Dance therapy fyrir 6. og 7. stig.



Myndir frá Safnanótt



Myndir frá undanþekppi Dance World Cup

## MARS

Foreldravikan var í mars þar sem foreldrum bauðst að kíkja inn í tíma og jafnvel taka þátt. Það var ótrúlega gaman að sjá alla og gaman að fá foreldra og forráðamenn inn í danssalina.

Foreldrafélag Dansgarðsins bauð upp á skemmtilega viðburði fyrir nemendur, fyrir 1. – 3. stig var það spila- og pizzukvöld í Óskanda á Eiðistorgi og fyrir 4. – 5. stig var það Kahoot- og pizzakvöld í KLS á Grensásvegi. Við erum þakklát fyrir frábært foreldrafélag.



Myndir frá spila-/Kahootkvöldum

## APRÍL

Í apríl er alltaf nóg að gerast. 50 ára afmælishátíð Seltjarnarnesbæjar var haldin 9. apríl og dansaði 4. og 5. stig í Óskanda brot úr dansverkinu Coppelíu á hátíðarsýningu á Eiðistorgi.

FWD sýndi verkið Eftirpartý eftir Ásrúnu Magnúsdóttur í Tjarnarbíó.

Nemendur á 4. og 5. stigi og framhaldsbraut sýndu á Hátíðarsýningu listdansskólanna í Eldborgasal Hörpu á Barnamenningarhátíð. Alltaf gaman að fá tækifæri til að stíga á sviðið í Eldborg.

Afmælisvorsýning var í Borgarleikhúsinu 30. apríl. KLS fagnaði 30 ára afmæli og Óskandi 5 ára afmæli. Foreldrafélagið gaf skólunum fallega búninga fyrir sýninguna. Sýningin var blanda af eldri verkum sem voru sett í nýjan búning og stóðu nemendur sig frábærlega! Færri komust að en vildu og var uppselt á seinni sýninguna.



Mynd frá afmælishátíð Seltjarnarnesbæjar



Mynd Efitrpartý



Myndir frá Barnamenningarhátíð



Myndir frá Vorsýning 2024

HÆGT ER AÐ SKOÐA ALLAR MYNDIR FRÁ SÝNINGUM Á [DANSGARDURINN.ORG](http://DANSGARDURINN.ORG)

## MAÍ

Alþjóðlegi dansdagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 29. apríl. Við í Dansgarðinum höldum upp á daginn með æfingu í Borgarleikhúsinu fyrir vorsýninguna okkar en einnig hélt foreldrafélagið viðburð í tilefni dagsins laugardaginn 4. maí - Dansgleði Dansgarðsins. Allir nemendur og fjölskyldur skólanna hittust. Það voru grillaðar pylsur, Just Dance party inn í stóra sal og þrautabraut í litla sal. Gaman að hittast, spjalla og dansa saman.

Vornámskeið fyrir nemendur í forskóla, 3 - 9 ára, var haldið í maí. Námskeiðið var fyrir nemendur sem vildu lengja önnina og líka fyrir þá sem vildu koma og prófa stutt námskeið.

Leikskólinn Austurborg kom í heimsókn á Grensásveginn og fór í danstíma hjá Guðrúnu og Ellen. Einnig komu leikskólabörn af Seltjarnarnesi í danstíma í maí í Óskanda en Óskandi og leikskólarnir á Seltjarnarnesi hafa verið í góðu samstarfi.

Nemendur frá finnska dansskólanum Hurja Piruetti komu í heimsókn í viku í maí. Nemendur á 7. stigi og framhaldsbraut unnu með þeim og héldu sýningu í lok vikunnar þar sem þau deildu afrakstri vikunnar. Nemendahópurinn okkar mun svo fara til Finnlands í október og skoða skólann þeirra og skólarnir munu halda áfram að þróa dansverk saman.

Önninni lauk svo með kósístund þar sem nemendur í KLS og Óskanda komu saman og horfðu á upptöku af vorsýningunni. Framhaldsbraut hélt sýningu í lok annar og svo árshátíð með 6.-7.stigi þar sem foreldrafélagið bauð upp á veitingar.



Myndir frá Sumargleði 2024



Mynd frá vornámskeiði hjá forskólanum



Heimsókn frá Finnlandi

## JÚNÍ


Eftir stutt frí hófust sumarnámskeiðin hjá okkur. Óskandi hélt söngleikjanámskeið fyrir 7-9 ára og 10-12 ára og KLS hélt ballet- og nútímadansnámskeið fyrir 13-18 ára.

Keppnislið Dansgarðsins hélt styrktarsýningu 22. júní og svo var lagt af stað til Prag 26. júní í lokakeppni Dance World Cup. Keppnisliðið átti frábæran tíma saman í Prag og erum við stolt af keppnisliðinu okkar og íslenska hópnum, Team Iceland.

Konunglegi ballettinn í Birmingham kom til Íslands og hélt glæsilega sýningu 26. júní í Eldborgarasal Hörpu. Guðbjörg Astrid Skúladóttir, eigandi KLS, stóð fyrir sýningunni og bauð nemendum miða á sýninguna og voru margir sem nýttu sér það.



Dansarar Birmingham ballettsins í heimsókn á Grensásveginum



Myndir frá Dance World Cup í Prag

## STYRKIR

Dansgarðurinn sækir reglulega um styrki til að framkvæma ýmis verkefni.

Klassíska listdansskólinn fékk styrk frá Erasmus til að fara með nemendur á framhaldsbraut til Finnlands til að skoða Hurja Piruetti skólann og vinna áfram með nemendum þaðan.

Dans fyrir alla sem er hluti af Dansgarðinum fékk styrk frá Barnamenningarsjóð fyrir Dansfræðsludaga.

Dansgarðurinn fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að kynna dans í Breiðholti.

Við erum mjög þakklát fyrir stuðninginn!



Mynd frá úthlutunaráthöfn Barnamenningarsjóðs



## VIÐTALIÐ

### NAFN

Cristina Agueda

### HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ DANSA Í DANSGARÐINUM?

Ég byrjaði þegar ég var 17 ára, 2018

### AF HVERJU DANST?

Ég hafði alltaf stundað dans og fimleika sem barn og var í leit að einhverju sem gæti fylgt mér áfram í lífinu bæði sem hreyfing og sköpunarmiðill.

### HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST?

Að fá að dansa með bestu vinum mínum á hverjum degi.

### HVAÐ VAR ERFIÐAST?

Að stíga fyrstu skrefin út fyrir þægindarammann. Það er rosalega erfitt fyrst, en það kemur!  
<3

### HVAÐ VAR EFTIRMINNILEGAST?

Svo margt, en líklega kóreógrafíurnar sem við lærðum í historical/repertoire tímum.

### HVERNIG UNDIRBJÓ DANSGARÐURINN ÞIG FYRIR FRAMHALDSNÁM Í DANSI?

Dansgarðurinn gaf mér frábæran grunn í floorwork og annarri samtímadanstækni ásamt því að undirbúa mig fyrir líkamlega krefjandi stíla og danstíma. Skólinn kenndi mér einnig að miðla sköpunarkrafti mínum í gegn um hreyfingu og að vera óhrædd við að gera það sem mig langar til þess að gera.



## HVAÐ ERTU AÐ FARA GERA NÚNA EFTIR AÐ ÞÚ HEFUR ÚTSKRIFAST ÚR LISTAHÁSKÓLANUM?

Ég er að stíga mín fyrstu spor inn í sjálfstætt starfandi senuna hér á Íslandi ásamt því að hefja starfsnám í Danmörku.

## EINHVER RÁÐ FYRIR UNGA DANARA SEM STEFNA Á FREKARA NÁM Í DANSI?

Ekki vera hrædd/hræddur við að gera eitthvað sem gæti verið talið sem „lélegt“. Það er lærdómur í öllu og mikilvægt er að fylgja innsæinu. <3



HÆGT ER AÐ FYLGJAST MEÐ CRISTINU Á INSTAGRAM Á REIKNINGNUM AGUEDA.IS

## Á DÖFINNI

### FWD INNTÖKUPRÓF

14. ágúst kl.17:00 á Grensásvegi

### OPIN VÍKA Á FRAMHALDSBRAUT

19. ágúst - 23. ágúst

### GRUNNNÁM BYRJAR

26. ágúst

### FORSKÓLI BYRJAR

2. september

### ÖNNUR NÁMSKEIÐ HEFJAST

Ballett fyrir fullorðna, 4. september

Strákatímar ballett, 9. september

Strákatímar nútíma- og breakdans, 10. september

Krúladans 3, 14. september

## SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN 2024 ER HAFIN

## MINNUM Á...

### INSTAGRAM OG FACEBOOK

Klassíski listdanskólinn, Óskandi og Forward eru á Instagram og Facebook, þar sem upplýsingar um viðburði og myndir eru settar inn reglulega.

### MYNDIR OG UPPTÖKUR

Myndir og upptök af vorsýningu er hægt að panta á [info@ballet.is](mailto:info@ballet.is). Það er hægt að skoða myndirnar á [dansgardurinn.org](http://dansgardurinn.org).



# GLEÐILEGT SUMAR!